

## Umhverfisverkefni

### **Verkstjóri í áhaldahúsi/yfirmaður sumarstarfa**

Vestmannaeyjabær leggur sérstaka áherslu á hreinsun og fegrun umhverfis yfir sumartímann. Yfirmaður sumarstarfa hefur yfirumsjón með öllu starfi sumarstarfsmanna og kemur einnig að skipulagningu og stjórnun Vinnuskóla.

**Starfshlutfall:** 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Að jafnaði alla virka daga frá kl. 7.30-16.30 (30 mín. matartími). Tilfallandi verkefni utan daglegs vinnutíma.

**Ráðningartímabil:** Starfsmaður þarf að geta hafið störf í byrjun maí og vinna til loka ágúst mánaðar.

#### **Helstu verkefni:**

- Bein dagleg stjórnun mannafla
- Skipulagning verkefna í samráði við yfirmenn og útdeiling þeirra til flokksstjóra.
- Umsjón tækja og áhalda
- Kemur að ráðningum starfsmanna í samvinnu við yfirmenn
- Þjálfun og leiðsögn flokksstjóra
- Umsjón með tímaskráningum starfsmanna
- Ber ábyrgð á öllum öryggismálum, s.s. að hlífðarbúnaður sé til staðar og hann notaður. Að allur búnaður sem starfsmenn nota sé öruggur.

#### **Hæfniskröfur:**

- Góð almenn verkkunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þarf að hafa bílpróf
- Reynsla af starfi með unglíngum kostur
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar.
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18. ára
- Góð íslenskukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, lipur í samskiptum, stundvís og hafa góða þjónustulund
- Skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Gott vinnusiðferði

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Snorrason í síma 488 2530 eða [olisnorra@vestmannaeyjar.is](mailto:olisnorra@vestmannaeyjar.is)

## **Verkamaður III (með flokksstjórn)**

Vestmannaeyjabær leggur sérstaka áherslu á hreinsun og fegrun umhverfis yfir sumartímann. Flokksstjóri hefur umsjón með tilteknum hópi sumarstarfsmanna og stýrir daglegum verkum þeirra.

**Starfshlutfall:** 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Alla virka daga frá kl. 8-16 (30 mín. matartími)

**Ráðningartímabil:** Frá miðjum maímánuði til 20. ágúst

### **Helstu verkefni:**

- Almenn vinna við umhverfisstörf við hlið vinnuflokks
- Stýrir vinnuflokki í verkefnum dagsins. Starfar nokkuð sjálfstætt en eftir verkplani yfirmanns.
- Ber ábyrgð á verkefnum vinnuflokks hverju sinni og flutningi hans á milli staða. Ber auk þess ábyrgð á að koma upplýsingum til yfirmanns.
- Flokksstjóri fylgist með því að notaður sé viðeigandi öryggis- eða hlífðarbúnaður og sér til þess að gengið sé frá á viðeigandi hátt í lok dags, fylgist með því að allt sé til sem þarf að nota og lætur vita eða sækir ef eitthvað vantar.
- Þjálfun og leiðsögn vinnuhóps.

### **Hæfniskröfur:**

- Góð almenn verkunnátta
- Þarf að hafa bílpróf
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar.
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18. Ára
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Gott vinnusiðferði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með unglíngum kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki, stundvísi, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Snorrason í síma 488-2530 eða [olisnorra@vestmannaeyjar.is](mailto:olisnorra@vestmannaeyjar.is)

## **Sumarstarfsmaður - umhverfisstörf**

Vestmannaeyjabær leggur sérstaka áherslu á hreinsun og fegrun umhverfis yfir sumartímann. Sumarstarfsmaður starfar að mestu utandyra m.a. við hreinsun umhverfis og garðyrkjustörf.

**Starfshlutfall:** 100 % (samkomulag)

**Vinnufyrirkomulag:** Að jafnaði alla virka daga frá kl. 8-12.30 og 13-16

**Ráðningartímabil:** Sumarstarfsmönnum býðst að hefja störf frá miðjum maímánuði og starfa til 20. ágúst

### **Helstu verkefni:**

- Almenn vinna við umhverfisstörf sem geta falist í umhirðu grassvæða, s.s. sláttur og rakstur. Gróðursetning, málningarvinna o.fl. umhverfisstörf sem til falla.

### **Hæfniskröfur:**

- Engar sérstakar hæfniskröfur en líkamlegt atgervi þarf að vera gott. Gerð er krafa um stundvísi og gott vinnusiðferði.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Snorrason í síma 488-2530 eða [olisnorra@vestmannaeyjar.is](mailto:olisnorra@vestmannaeyjar.is)

## **Flokkstjóri í vinnuskóla**

Stýrir verkefnum ungmenna í vinnuskóla sem felst meðal annars í garðyrkjustörfum, hreinsun umhverfis og öðru tilfallandi sumarverkefnum. Hann tekur þátt í að kenna nemendum að vinna og hegða sér á vinnustað og umgangast umhverfið af viðringu.

**Starfshlutfall:** 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnið frá 8.00 – 16.00

**Ráðningartímabil:** A.m.k. frá 1. júní – 14. ágúst. Flokksstjóra býðst að vinna í öðrum umhverfisstörfum frá miðjum maí til 20. ágúst.

### **Helstu verkefni:**

- Flokkstjóri fær úthlutað verkefnum frá yfirmanni sumarvinnuflokka Vestmannaeyjabæjar og ákveður í samráði við hann hvar og hvað skuli gera.
- Þau verkefni sem geta fallið til eru t.d. gróðursetning, raka gras, hreinsa beð, gefa áburð, mála., tína rusl, sópa, þrifa og fleira.
- Flokkstjórar stuðla að góðum samskiptum og vellíðan í unglingahópnum. Hvetja til heilbrigðs lífennis og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Flokkstjóri ræðir við unglingana um ýmis mál sem snerta líf þeirra og tilveru, veitir ráð og stuðning og tekur ábyrgð á því að koma málum í réttan farveg ef á þarf að halda, t.d. til yfirmanns sumarstarfs eða með upplýsingagjöf til foreldra.
- Flokkstjóri fylgist með því að notaður sé viðeigandi öryggis- eða hlífðarbúnaður og sér til þess að gengið sé frá á viðeigandi hátt í lok dags, fylgist með því að allt sé til sem þarf að nota og lætur vita ef eitthvað vantar.
- Flokkstjóri tekur við símtölum frá foreldrum vegna veikinda, hringir í foreldra þegar börn eru ekki mætt til vinnu og skráir allar fjarveru hjá sér. Flokkstjóri heldur utan um tímaskráningu unglinganna og er ábyrgir fyrir því að skila inn réttum tímafjölda til yfirmanns.

### **Hæfniskröfur:**

- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar.
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18. Ára
- Gott vinnusiðferði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með unglingum kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki, stundvísi, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Erna Georgsdóttir í síma 488-2039 og [erna@vestmannaeyjar.is](mailto:erna@vestmannaeyjar.is)

# Gæsluvöllurinn Strönd

## **Forstöðumaður á gæsluvelli**

Forstöðumaður veitir gæsluvelli forstöðu þar sem börn á aldrinum 20 mánaða til 6 ára geta leikið sér í öruggu umhverfi.

**Starfshlutfall:** 47,97%

**Vinnufyrirkomulag:** Virka daga frá 12:45-16:15

**Ráðningartímabil:** er 6. – 24. júlí 2020 (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars á leikskólum Vestmannaeyjabæjar eða í umhverfisverkefnum).

### **Helstu verkefni:**

- Sér um að opna og loka gæsluvelli.
- Tekur á móti börnum og sér um skráningu barna inn á gæsluvöllinn.
- Heldur utan um skráningu og greiðslufyrirkomulag.
- Gengur frá í lok dags og þrífur húsnæði.
- Tekur saman upplýsingar um nauðsynjavörur, leikföng og annað sem þarf að endurnýja og miðlar til fræðslufulltrúa.
- Aðstoðar börn, hvetur og leiðbeinir starfsfólki.

### **Hæfniskröfur:**

- Uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og ánægja af starfi með börnum.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- 18 ára lágmarksaldur.
- Hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi, netfang: [drifagunn@vestmannaeyjar.is](mailto:drifagunn@vestmannaeyjar.is), sími 488-2000

## **Starfsmaður á gæsluvelli**

Starfar með börnum að leik á gæsluvelli og aðstoðar forstöðumann við móttöku og skráningu.

**Starfshlutfall:** 41,86%

**Vinnufyrirkomulag:** Virka daga frá 13:00-16:00

**Ráðningartímabil:** 6. – 24. júlí 2020 (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars á leikskólum Vestmannaeyjabæjar eða í umhverfisverkefnum).

### **Helstu verkefni:**

- Móttaka barna og skráning.
- Aðstoða börn, leika við þau og hvetja.

### **Hæfniskröfur:**

- Reynsla og ánægja af starfi með börnum.
- 18 ára lágmarksaldur.
- Hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi, netfang: [drifagunn@vestmannaeyjar.is](mailto:drifagunn@vestmannaeyjar.is), sími 488-2000

## Sumarfjör

### Flokkstjóri á leikjanámskeiði

Sumarfjör Vestmannaeyjabæjar er leikjanámskeið fyrir börn í 1-4 bekk. Í starfinu er lögð rík áhersla á gleði, skemmtun, samveru, leiki og hreyfingu.

**Starfshlutfall:** 90-100%

**Vinnufyrirkomulag:** Vinnutími er að jafnaði frá 8:45-16:15 á virkum dögum.

**Ráðningartímabil:** 9. Júní - 24 júlí (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars í umhverfisverkefnum)

#### Helstu verkefni:

- Starfsmaður sér um leikjanámskeið í samstarfi við forstöðumann.
- Starfsmaður skipuleggur leiki, íþróttir og hreyfingu barna.
- Starfar að mestu utandyra.
- Starfsmaður stýrir öðrum starfsmönnum leikjanámskeiða og er í samskiptum við forráðamenn barnanna.

#### Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera vera metnaðarfullur, ábyrgur, áhugasamur, lipur í samskiptum og tilbúinn í öflugt samstarf, með velferð og þroska barna að leiðarljósi.
- Æskilegt er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Kostur er að hafa reynslu af vinnu með hópa
- Frumkvæði og samvirkusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Kjarasamningur:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Anton Örn Björnsson forstöðumaður í síma 481-2964.

[anton@vestmannaeyjar.is](mailto:anton@vestmannaeyjar.is)

## **Starfsmaður á leikjanámskeiði**

Sumarfjör Vestmannaeyjabæjar er leikjanámskeið fyrir börn í 1-4 bekk. Í starfinu er lögð rík áhersla á gleði, skemmtun, samveru, leiki og hreyfingu.

**Starfshlutfall:** 70-80%

**Vinnufyrirkomulag:** Vinnutími er að jafnaði frá 09:00-12:00 og 13:00-16:00 á virkum dögum.

**Ráðningartímabil:** 12. Júní - 24 júlí (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars í umhverfisverkefnum)

### **Helstu verkefni:**

- Starfsmaður starfar á leikjanámskeiðum fyrir börn undir stjórn flokkstjóra leikjanámskeiða.
- Starfar að mestu utandyra.
- Á í samskiptum við forráðamenn og sér um skráningu barna.

### **Hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera vera metnaðarfullur, ábyrgur, áhugasamur, lipur í samskiptum og tilbúinn í öflugt samstarf, með velferð og þroska barna að leiðarljósi.
- Æskilegt er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samviskusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Kjarasamningur:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Anton Örn Björnsson forstöðumaður í síma 481-2964.

[anton@vestmannaeyjar.is](mailto:anton@vestmannaeyjar.is)



# Leikskólinn kirkjugarði

## **Leikskólakennari/leiðbeinendur - sumarstörf.**

Leitað er að menntuðum kennurum til starfa. Fáist þeir ekki verða umsóknir frá ófaglærðum teknar til skoðunar. Viðkomandi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags

**Starfshlutfall:** 100%

**Vinnufyrirkomulag:** Dagvinna á virkum dögum.

**Ráðningartímabil:** Óljóst. Ekki verður vinna í boði í sumarlokun leikskólans frá 6.-24. Júlí (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf í sumarlokun á gæsluvelli eða í umhverfisverkefnum)

### **Helstu verkefni:**

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.
- Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri og leikskólastjóri ákveða.
- Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn deildarstjóra.

### **Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af vinnu með börnum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð

**Laun skv. kjarasamningi:** Félag leikskólakennara eða Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Bjarney Magnúsdóttir leikskólastjóri í síma 488-2280 eða á [bjarney@vestmannaeyjar.is](mailto:bjarney@vestmannaeyjar.is)

## Víkin 5 ára deild GRV

### **Leikskólakennari/leiðbeinandi - sumarstarf.**

Leitað er að menntuðum kennurum til starfa. Fáist þeir ekki verða umsóknir frá ófaglærðum teknar til skoðunar. Viðkomandi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

**Starfshlutfall:** 100%

**Vinnufyrirkomulag:** Dagvinna á virkum dögum.

**Ráðningartímabil:** Óljóst. Ekki verður vinna í boði í sumarlokun leikskólans frá 6.-24. júlí (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf í sumarlokun á gæsluvelli eða í umhverfisverkefnum)

#### **Helstu verkefni:**

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.
- Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri og leikskólastjóri ákveða.
- Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn deildarstjóra.

#### **Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Reynsla af vinnu með börnum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Íslenskukunnátta.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Félag leikskólakennara eða Stavey/Drífandi.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún S. Þorsteinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 488-2231/893-3505 eða á [gudrun@grv.is](mailto:gudrun@grv.is)

## ***Málefni aldraðra og fatlaðra***

### ***Starfsmaður í stuðningsþjónustu***

Hlutverk stuðningsþjónustu: er að aðstoða þjónustugega sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og eða til að rjúfa félagslega einangrun.

***Starfshlutfall:*** 60-70 %

***Vinnufyrirkomulag:*** Unnið er að jafnaði í dagvinnu virka daga. Einhverjar vaktir í kvöld- og helgarvinnu

***Ráðningartímabil:*** 01.06.20-31.08.20

***Helstu verkefni:*** Að veita aðstoð við almennt heimilishald, aðstoð með innkaup , félagslegan stuðning, aðstoð með persónulega umhirðu og önnur verkefni sem starfsmanni er falið af yfirmanni og falla undir starflýsingu starfsmanns í stuðningsþjónustu.

#### ***Hæfniskröfur:***

- Hafa ná 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð
- Hafa áhuga á að vinna með fólki
- Vera stundvís og samviskusamur
- Eiga gott með mannleg samskipti

***Laun skv. kjarasamningi :*** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri stuðningsþjónustu í síma 488-2607,

[heimilishjalp@vestmannaeyjar.is](mailto:heimilishjalp@vestmannaeyjar.is)

## Hraunbúðir

### Forstaða fyrir dagvist aldraðra á Hraunbúðum

Á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum er rekin dagdvöl fyrir einstaklinga. Dagdvöl er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.

**Starfshlutfall:** 94 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnið á dagvinnutíma virka daga 8-16

**Ráðningartímabil:** Frá 22.06.20 – 24.07.20

#### Helstu verkefni:

- Veitir dagdvöl aldraðra forstöðu.
- Starfar við og skipuleggur félagslíf og tómstundaiðju, s.s að semja dagsskrá sem felur meðal annars í sér að setja upp dagskrá og utanumhald dagskrárliða sem fer fram á heimilinu.

#### Hæfniskröfur:

- Kostur er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með öldruðu fólki.
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði, samvirkusemi og hugmyndaauðgi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð

**Laun skv. kjarasamningi:** *Stavey/Drifandi*

Upplýsingar um starfið veitir Sólrún Gunnarsdóttir s. 488 2602 [solrun@vestmannaeyjar.is](mailto:solrun@vestmannaeyjar.is) eða Andrea Guðjóns Jónasdóttir s. 841-8881 eða [andrea@vestmannaeyjar.is](mailto:andrea@vestmannaeyjar.is)

### Starfsmaður við dagvist aldraðra á Hraunbúðum

Á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum er rekin dagdvöl fyrir einstaklinga. Dagdvöl er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.

**Starfshlutfall:** 20-40 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnið á dagvinnutíma virka daga

**Ráðningartímabil:** Frá 01.05.20-31.08.20 (með möguleika á áframhaldandi starfi, 20%-40 %)

**Helstu verkefni:** Starfar við aðhlyningu á dagdvöl þar sem aldraðir einstaklingar koma inn yfir daginn og fá aðstoð við böðun og aðra persónulega þjónustu. Í starfinu getur einnig falist aðstoð við félagsstarf og tómstundaiðju.

#### Hæfniskröfur:

- Kostur er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með öldruðu fólki.
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði, samvirkusemi og hugmyndaauðgi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð

**Laun skv. kjarasamningi:** *Stavey/Drifandi*

Upplýsingar um starfið veitir Sólrún Gunnarsdóttir s. 488 2602 [solrun@vestmannaeyjar.is](mailto:solrun@vestmannaeyjar.is) eða Andrea Guðjóns Jónasdóttir s. 841-8881 eða [andrea@vestmannaeyjar.is](mailto:andrea@vestmannaeyjar.is)

## **Hjúkrunarfræðingur 2**

Hjúkrunarfræðingur óskast í sumarafleysingar á Hjúkrunar og dvalarheimilið Hraunbúðir í Vestmannaeyjum. Á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum búa 35 einstaklingar sem fá sólarhringsumönnun.

**Starfshlutfall:** 70- 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnið er á dag og kvöldvöktum auk þess sem hjúkrunarfræðingar taka bakvaktir á næturnar.

**Ráðningartímabil:** Frá 1.júní til 31.ágúst 2020

**Helstu verkefni:**

- Almenn störf hjúkrunarfræðings, s.s. næringar og lyfjagjafir, sárameðferðir o.s.frv.
- Hjúkrunarfræðingur sér um að útdeila verkefnum á sinni vakt og er vaktstjóri.
- Hjúkrunarfræðingur kemur að flókinni hjúkrun íbúa og sér um að fylgja henni eftir.

**Hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Góð samskiptafærni og frumkvæði
- Reynsla af vinnu með aldraða er kostur

**Laun skv. kjarasamningi:** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Upplýsingar um starfið veitir *Una S. Ásmundsdóttir* í síma 488-2606/488 2600 eða [una@vestmannaeyjar.is](mailto:una@vestmannaeyjar.is)

## **Sjúkraliði B á hjúkrunarheimili**

Á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum búa 35 einstaklingar sem fá sólarhringsumönnun.

**Starfshlutfall:** 70- 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnin er vaktavinna eftir vaktaplani allan sólarhringinn, virka daga, á kvöldin og um helgar.

**Ráðningartímabil:** Frá 1.júní til 31.ágúst 2020

**Helstu verkefni:** Starfsmaður sér um umönnun/hjúkrun skjólstæðinga vegna líkamlegra og félagslegra þarfa eftir því sem við á.

**Hæfniskröfur:**

- Kostur er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með öldruðu fólki.
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samvirkusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Sjúkraliðafélag Íslands

Upplýsingar um starfið veitir *Una S. Ásmundsdóttir* í síma 488-2606/488 2600 eða [una@vestmannaeyjar.is](mailto:una@vestmannaeyjar.is)

## **Starfsmaður í umönnun á hjúkrunarheimili 1**

Á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum búa 35 einstaklingar sem fá sólarhringsumönnun.

**Starfshlutfall:** 70- 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Unnin er vaktavinna eftir vaktaplani allan sólarhringinn, virka daga, á kvöldin og um helgar.

**Ráðningartímabil:** Frá 1.júní til 31.ágúst 2020

**Helstu verkefni:** Starfsmaður sér um almenna umönnun skjólstæðinga vegna líkamlegra og félagslegra þarfa eftir því sem við á. Nálægð við þjónustuþega er mikil. Annast létt þrif

### **Hæfniskröfur:**

- Kostur er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með öldruðu fólki.
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samvirkusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Una S. Ásmundsdóttir í síma 488-2606/488 2600  
[una@vestmannaeyjar.is](mailto:una@vestmannaeyjar.is)

## **Þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk**

### **Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk II**

Hlutverk þjónustuíbúðanna er að veita íbúum stuðning og leiðsögn í öllu er varðar persónulega hagi og heimilisrekstur svo sem þrífnað, þvott, matreiðslu, innkaup og annað sem tilfellur. Einnig skal þeim veittur stuðningur í tómstundastarfi og fá fylgd s.s. til lækna, í klippingu o.s.frv.

**Starfshlutfall:** 60-70% og 40-50%

**Vinnufyrirkomulag:** Unnin er vaktavinna eftir vaktaplani allan sólarhringinn, virka daga, á kvöldin og um helgar

**Ráðningartímabil:**

- 60-70% starf er frá 29. Maí-13. September
- 40-50% starf er frá 22. Júní – 15. ágúst

**Helstu verkefni:**

- Starfsmaður sér um almenna umönnun skjólstæðinga vegna líkamlegra og félagslegra þarfa eftir því sem við á. Nálægð við þjónustuþega er mikil.
- Önnur verkefni eru heimilisstörf s.s. þvottar, þríf, matargerð og annað sem tilfellur.
- Starfsmaður fylgir skjólstæðingum vegna ýmissa erinda utan heimilis s.s. til lækna, tannlækna, í klippingu, fatakaup, tómstundir, íþróttir, kirkja o.fl. og aðstoðar þá eftir þörfum.
- Starfsmenn þurfa að kynnast íbúum vel til að geta lesið í þeirra langanir og þarfir og geta áttað sig á ef eitthvað bjátar á hjá íbúanum sem hann á erfitt með að koma í orð sjálfur.
- Starfið getur einnig falist í meðferðarvinnu vegna hegðunarvanda íbúa og krefst þess að starfsmaður sé ávallt athugull og vakandi fyrir breytingum á atferli íbúa og líðan hans.

**Hæfniskröfur:**

- Kostur er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með fötluðu fólk.
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samviskusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi :** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Sigurjónsdóttir forstöðukona í síma 488-2550/690-3497.

[ingibjorg@vestmannaeyjar.is](mailto:ingibjorg@vestmannaeyjar.is)

# Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja

## **Sundlaugarvörður/Starfsmaður í Íþróttamiðstöð**

Leitað er eftir bæði körlum og konum. Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar leitast við að veita viðskiptavinum, nemendum, iðkendum og öðrum hópum sem koma í íþróttamannvirki (Íþróttamiðstöð, Herjólfs höll og Týsheimili) undir stjórn Vestmannaeyjabæjar frábæra þjónustu í hreinu og snyrtilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi og hreinlæti.

**Starfshlutfall:** 90-100%

**Vinnufyrirkomulag:** Unnin er vaktavinna eftir vaktaplani, virka daga, á kvöldin og um helgar

**Ráðningartímabil:** ca. 1. júní – 15. ágúst

### **Helstu verkefni :**

- Þjónusta við viðskiptavinum, þrif, eftirlit, sundlaugargæsla og önnur tilfallandi verkefni.
- Unnið er í vaktarúllum og eru verkefni/störf misjöfn á milli vakta skv. vaktarúllu undir stjórn yfirmanns eða skv. nánari verklýsingu.

### **Hæfniskröfur:**

- Krafa um gilt hæfnispróf sundstaða skv. reglugerð um öryggi á sundstöðum.
- Gerð er krafa um heilbrigðisvottorð skv. reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar.
- Hreint sakavottorð skv. æskulýðslögum nr. 70/2007.
- Gerð er krafa um ríka þjónustulund og samskiptahæfileika.
- Samviseki, stundvísi og frumkvæði í starfi.

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Grétar Þór Eypórsson forstöðumaður í síma 488-2401/866-7464 eða í gegnum tölvupóst á netfangið [gretar@vestmannaeyjar.is](mailto:gretar@vestmannaeyjar.is)



## Umhverfissvið

### **Afleysing á tæknideild**

Á tæknideild starfa 5 starfsmenn. Leitað er eftir starfsmanni sem er í tæknitengdu námi eða hyggur á slíkt nám. Starfsmaðurinn mun sinna afleysingum í sumarfríum annarra starfsmanna t.d. afgreiðslu erinda og símvörslu. Hann tekur að sér ýmis sérverkefni sem m.a. tengjast námi hans og aðstoðar við skipulagningu ýmissa verkefna.

**Starfshlutfall:** 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Alla virka daga frá kl. 8-16

**Ráðningartímabil:** Samkomulag

#### **Helstu verkefni:**

- Afgreiðsla og símavarsla
- Ýmis önnur verkefni sem til falla.

#### **Hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, lipur í samskiptum, stundvís og hafa góða þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Snorrason í síma 488-2530 eða [olisnorra@vestmannaeyjar.is](mailto:olisnorra@vestmannaeyjar.is)

# Vestmannaeyjahöfn

## **Hafnarvörður I**

Hjá Vestmannaeyjahöfn starfa um 15 starfsmenn. Hafnarverðir starfa m.a. við leiðsögn og öryggiseftirlit við höfn ásamt ýmsum verkefnum, s.s. raða skipum í höfn, binda skip við bryggju og afgreiða vatn og rafmagn til skipa. Hafnarvörður starfar undir verkstjórn yfirhafnsögumanns/skrifstofustjóra.

**Starfshlutfall:** 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Dagvinna og afleysingar á vöktum. Starfsmaður getur þurft að standa bakvaktir og sinna útköllum utan hefðbundins vinnutíma.

**Ráðningartímabil:** Maí til september

**Helstu verkefni:** Starfsmaðurinn sinnir hafnarvörslu, vigtun sjávarafla, hafnarvernd, ásamt almennum viðhaldsverkefnum hafnarinnar. Hann sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum.

### **Hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, lipur í samskiptum, stundvís og hafa góða þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Þarf að hafa bílpróf
- Enskukunnátta æskileg
- Skipstjórnar- eða vélstjóramenntun æskileg

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Snorrason í síma 488-2530 eða [olisnorra@vestmannaeyjar.is](mailto:olisnorra@vestmannaeyjar.is)

# Bókasafn

## ***Bókavörður I***

Starfsmaður sinnir almennum störfum á bókasafninu auk sérverkefna í samstarfi við yfirmann.

**Starfshlutfall:** 50-100%

**Vinnufyrirkomulag:** Virka daga frá 8-17 (1 klst. í mat) eða 13-17.

**Ráðningartímabil:** Ca. frá byrjun júní fram yfir miðjan ágúst

### ***Helstu verkefni:***

- Tenging eintaka fyrir bókasafnið;
- grisjun safnkosts bókasafnsins;
- uppfærsla heimasíðu og facebókarsíðu bókasafnsins;
- almenn afgreiðsla á safnkosti bókasafnsins;
- frágangur, uppröðun og fín röðun á safnkosti bókasafnsins;
- önnur störf sem forstöðumaður felur starfsmanni.

### ***Hæfniskröfur:***

- Ekki er gerð krafa um sérstaka menntun en menntun og reynsla í starfi er ævinlega mikill kostur.
- *Reynsla af þjónustustörfum kostur*
- *Góð samskiptahæfni og þjónustulund*
- *Sveigjanleiki og frumkvæði*
- *Snyrtimennska*

***Laun skv. kjarasamningi : Stavey/Drífandi***

*Upplýsingar um starfið veitir Hörður Baldvinsson staðgengill forstöðumanns í síma 488-2050 eða [hordur@saqnheimar.is](mailto:hordur@saqnheimar.is)*

## Sagnheimar – (Byggðasafn/Náttúrugripasafn/Landlyst)

### **Safnvörður I**

Starfsmaður veitir gestum og viðskiptavinum viðkomandi safns góða og lipra þjónustu. Óskað er eftir áhugasömum einstaklingum á öllum aldri. Einnig leitað eftir einstaklingum í tilfallandi vinnu og eru eldri borgarar sérstaklega hvattir til að sækja um.

**Starfshlutfall:** Leitað er eftir starfsmönnum í 100% starfshlutfalli á virkum dögum en möguleiki á að skipta hverju starfi milli tveggja starfsmanna. Einnig leitað eftir tímavinnufólki um helgar.

**Vinnufyrirkomulag:** Frá kl. 9:50-17:15 eða skv. samkomulagi. Opnunartími safna 10-17 alla daga

**Ráðningartímabil:** ca. 1. maí – 30. september

#### **Helstu verkefni :**

- Móttaka gesta
- Innheimta á safnið
- Sala minjagripa
- Fræðsla ráðgjöf, leiðsögn.
- Minniháttar dagleg þrif
- Skráning muna
- Önnur þau störf er yfirmaður felur starfsmanni.

#### **Hæfniskröfur:**

- Reynsla af þjónustustörfum kostur
- Krafa um góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnáttu kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Sveigjanleiki og frumkvæði
- Snyrtimennska

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir Hörður Baldvinsson forstöðumaður í síma 488-2050 eða

[hordur@sagnheimar.is](mailto:hordur@sagnheimar.is)

# Eldheimar

## **Safnvörður I**

Starfsmaður veitir gestum og viðskiptavinum safnsins og kaffihúss góða og lipra þjónustu.

**Starfshlutfall:** Samkomulag

**Vinnufyrirkomulag:** Unnið eftir vaktaskipulag alla daga. Opnunartími safnsins er 10-18 alla daga

**Ráðningartímabil:** 1. maí – 30. september eða eftir samkomulagi

### **Helstu verkefni :**

- Móttaka gesta
- Innheimta á safnið
- Sala minjagripa
- Fræðsla ráðgjöf, leiðsögn.
- Öll afgreiðsla og þjónusta á kaffihúsi
- Öll þrif í húsinu jafnt á sýningarsvæði, kaffihúsi, skrifstofum, geymslum, snyrtingu ofl.
- Önnur þau störf er yfirmaður felur starfsmanni.

### **Hæfniskröfur:**

- Reynsla af þjónustustörfum kostur
- Krafa um góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnátta kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Sveigjanleiki og frumkvæði
- Snyrtimennska
- Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Kristín Jóhannsdóttir forstöðumaður í síma 488-2700 eða

[kristin@vestmannaeyjar.is](mailto:kristin@vestmannaeyjar.is)